Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. mars 2024.

Stjórnarmaður: Guðmundur Jónsson. Varastjórn: Sigurður Arnar Guðmundsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Sigurður Arnar Guðmundsson.

Prókúruumboð: Sigurður Arnar Guðmundsson, Guðmundur Jónsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Eymundur Sveinn Einarsson, kt. 081166-3319, Sunnuflöt 12, 210 Garðabær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er netverslun með sælgæti og tengd starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024008697

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Evensen verktakar ehf.**

Kt.: 560424-3530.

Heimili og varnarþing: **Húnabraut 22, 540 Blönduós.**

Dagsetning samþykktar er: 18. mars 2024.

Stofnendur: Eliana Evensen, kt. 231079-3519, Húnabraut 22, 540 Blönduós, Einar Ágúst Evensen, kt. 130275-5089, Húnabraut 22, 540 Blönduós.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 18. mars 2024.

Stjórnarmaður: Einar Ágúst Evensen. Varastjórn: Eliana Evensen.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Einar Ágúst Evensen, Eliana Evensen.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Kristján Eggert Jónasson, kt. 191260-5469, Birkihlíð 8, 550 Sauðárkrókur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Eiga og reka tæki til jarðvegsframkvæmda og ýmissar annarrar verktakastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024008698

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **P335 ehf.**

Kt.: 590424-0720.

Heimili og varnarþing: **Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 14. febrúar 2024.

Stofnendur: PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 14. febrúar 2024.

Stjórnarmaður: Friðgeir Sigurðsson, kt. 030763-5569, Selbraut 4, 170 Seltjarnarnes. Varastjórn: Hannes Sigurðsson, kt. 270484-2399, Sigurhæð 3, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Friðgeir Sigurðsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Stefán Bergsson, kt. 080347-4569, Salthömrur 24, 112 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: kaup og sala á verðbréfum, rekstur og eignarhald á fasteignum og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024008700

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **P337 ehf.**

Kt.: 590424-0990.

Heimili og varnarþing: **Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 9. apríl 2024.

Stofnendur: PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 9. apríl 2024.

Stjórnarmaður: Friðgeir Sigurðsson, kt. 030763-5569, Selbraut 4, 170 Seltjarnarnes. Varastjórn: Hannes Sigurðsson, kt. 270484-2399, Sigurhæð 3, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Friðgeir Sigurðsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Stefán Bergsson, kt. 080347-4569, Salthömrur 24, 112 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: kaup og sala á verðbréfum, rekstur og eignarhald á fasteignum og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024008701

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Arctic Analytics ehf.**

Kt.: 570424-1810.

Heimili og varnarþing: **Sólheimum 25, 104 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 16. apríl 2024.

Stofnendur: Arngrímur Einarsson, kt. 041195-2589, Sólheimum 25, 104 Reykjavík, Marta Ýr Magnúsdóttir, kt. 020797-2749, Sólheimum 25, 104 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 16. apríl 2024.

Stjórnarmaður: Marta Ýr Magnúsdóttir. *Varastjórn:* Arngrímur Einarsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Arngrímur Einarsson.

Prókúruumboð: Marta Ýr Magnúsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Einar Sveinn Einarsson, kt. 221156-2429, Kvistavöllum 56, 221 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er ráðgjöf og þjónusta í gagnavísindum.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024008702

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: BH Rekstrarvörur ehf.

Kt.: 570424-0680.

Heimili og varnarþing: Dugguvogi 15, 104 Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 8. apríl 2024.

Stofnendur: Hrannar Már Hallkelsson, kt. 080271-3019, Dugguvogi 15, 104 Reykjavík, Brynjar Jóhannesson, kt. 101163-7099, Réttarbakka 13, 109 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 8. apríl 2024.

Formaður stjórnar: Brynjar Jóhannesson. *Meðstjórnandi:* Hrannar Már Hallkelsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Hrannar Már Hallkelsson.

Prókúruumboð: Brynjar Jóhannesson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Bragi Hilmarsson, kt. 070663-5709, Neðstaleiti 4, 103 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Innflutningur, smásala, heildsala, ráðgjöf, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024008703

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Ostafjelagið ehf.

Kt.: 580424-0820.

Heimili og varnarþing: Ásvallagötu 52, 101 Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 11. apríl 2024.

Stofnendur: Kg108 ehf., kt. 500424-0950, Markarvegi 9, 108 Reykjavík, Betelgás ehf., kt. 471216-1270, Ásvallagötu 52, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 11. apríl 2024.

Formaður stjórnar: Magnús Júlíusson, kt. 310186-2959, Ásvallagötu 52, 101 Reykjavík. *Meðstjórnandi:* Katla Guðjónsdóttir, kt. 011086-2689, Markarvegi 9, 108 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Katla Guðjónsdóttir, Magnús Júlíusson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, kt. 230880-3799, Melabraut 33, 170 Seltjarnarnes.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024008705

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **EN 100 ehf.**

Kt.: 590424-1100.

Heimili og varnarþing: **Höfðabakka 9, 110 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 3. apríl 2024.

Stofnendur: Enor ALT ehf., kt. 580707-0680, Höfðabakka 9a, 110 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 3. apríl 2024.

Stjórnarmaður: Davíð Búi Halldórsson, kt. 190777-5299, Vörðutúni 1, 600 Akureyri. Varastjórn: Hjörtur Bjarki Halldórsson, kt. 230276-5879, Þrumutúni 5, 600 Akureyri.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Davíð Búi Halldórsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Hermann Ágúst Brynjarsson, kt. 150660-4599, Lögbergsgötu 7, 600 Akureyri.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Eignarhald á verðbréfum, kaup og sala verðbréfa, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024008706

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **EntrepreMúr ehf.**

Kt.: 570424-2380.

Heimili og varnarþing: **Sunnusmára 13, 201 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 12. apríl 2024.

Stofnendur: Ásmundur Goði Einarsson, kt. 160902-2640, Sunnusmára 13, 201 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 12. apríl 2024.

Stjórnarmaður: Ásmundur Goði Einarsson. Varastjórn: Pétur Rúnar Pétursson, 020672-5529, Holtsbúð 51, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Ásmundur Goði Einarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Svavar Ólafsson, kt. 300382-5419, Fjallalind 50, 201 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Múrverk og flísalagnir. Kaup og sala efna til múr og flísalagna. Bygging og sala fasteigna. Öll almenn verktakavinna.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024008707

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Rome Capital ehf.**

Kt.: 580424-1120.

Heimili og varnarþing: **Flatahrauni 1, 220 Hafnarfjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 28. mars 2024.

Stofnendur: Væntanlega ehf., kt. 571218-0540, Ármúla 40, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 28. mars 2024.

Stjórnarmaður: Hjörleifur Davíðsson, kt. 220590-3729, Flatahrauni 1, 220 Hafnarfjörður. Varastjórn: Davíð Guðmundsson, kt. 250363-2309, Hásteinsvegi 45, 900 Vestmannaeyjar.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Hjörleifur Davíðsson.

Prókúruumboð: Hjörleifur Davíðsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Elínborg Friðriksdóttir, kt. 021193-2839, Flatahrauni 1, 220 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Kaup og sala á fasteignum. Leiga á fasteignum.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024008709

Útgáfud.: 29. apríl 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Guðlaug Ingunn Einarsdóttir, kt. 271171-5529, með óþekkt heimili í Kanada.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 2.713.196 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 262.027 frá 1. september 2022 til 1. mars 2023, en af kr. 428.272 frá þeim degi til 26. maí 2023, en af kr. 2.713.196 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-70426.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-055529 þann 19. desember 2005 upphaflega að fjárhæð kr. 3.381.173. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 232,0 stig sem sem er vísitala neysluverðs í maí 2004. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8.

gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögunum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 19. maí 2004, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda sem giltu á þessum tíma eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu færð á skuldabréf nr. G-055529, sbr. 5. gr. þágildandi reglugerðar nr. 602/1997 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 1. september 2022 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 26. apríl 2023.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi

1. september 2022

1. mars 2023

Gjaldfelldar eftirstöðvar 26. apríl 2023

Eða alls kr. 2.713.196 sem er stefnuþjárhæð þessa máls.

Upphæð

kr. 262.027

kr. 166.245

kr. 2.284.924

Stefna á hendur stefndu er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a- liðar, sbr. b-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er með skráð lögheimili í Kanada hjá Þjóðskrá Íslands. Ekki hefur fundist heimili hjá stefndu í Kanada. Samkvæmt 1. gr. Haag-samnings um birtingar á réttarskjölum o.fl. frá 15. nóvember 1965 gildir samningurinn ekki þegar heimilisfang stefnda er óþekkt. Stefnandi leitaði eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefnunnar fyrir stefndu eftir reglum í Kanada um birtingu stefnu fyrir aðila með óþekkt heimili.

Í tölvupósti frá laga- og stjórnsýsluskrifstofu Utanríkisráðuneytisins, dags. 11. apríl 2024, kemur fram að ráðuneytinu hafi borist þær upplýsingar frá stjórnvöldum í Kanada að ekki sé til nein allsherjarskrá yfir einstaklinga sem eru búsettir í tíu fylkjum Kanada og þremur sjálfstjórnarsvæðum. Þar af leiðandi hafi sendiráð Íslands í Ottawa ekki getað látið birta stefnuna. Ekki sé hægt að hlutast til um birtingu stefnu á hendur einstaklindi búsettum í Kanada, án þess að hafa nánari upplýsingar um hvar viðkomandi er niðurkominn. Stefnandi hefur ekki upplýsingar um hvar stefnda býr í Kanada og hefur stefnandi því enga aðra kosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-055529, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 602/1997 og nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988 en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 18. júní 2024 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 12. apríl 2024.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024008608

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Stefna - til viðurkenningar á eignarétti**Ólafur Ólafsson,
dómstjóri Héraðsdóms Austurlands,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Eva Dís Pálmadóttir lögmaður á Sókn lögmannsstofu, fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459, Vegmúla 3, Reykjavík, að Ríkissjóður Íslands þurfi að höfða eignardómsmál fyrir Héraðsdómi Austurlands, að fengnu leyfi til þess lögum samkvæmt, til þess að afla dóms um eignarrétt Ríkissjóðs Íslands fyrir jörðinni Bjarnanesi í Sveitarfélaginu Hornafirði, landnúmer L159463 og fasteignanúmer F2180084.

Dómkröfur: Dómkröfur eru þær að stefnanda, Ríkissjóði Íslands, kt. 540269-6459, verði dæmdur eignaréttur á fasteigninni Bjarnanesi í Sveitarfélaginu Hornafirði, landnúmer L159463 og fastanúmer F2180084 og öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber, en að frátöldum þeim mannvirkjum sem eru eign ábúanda og háð kaupskyldu jarðareiganda, sbr. 41. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004, sbr. viðauka við byggingarbréf, dags. 31. ágúst 2020, við byggingarbréf, dags. 7. janúar 1950. Gerð er krafa um málskostnað á hendur þeim sem að réttarfarslögum kunna að gerast aðilar að máli þessu.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, kt. 0411873879, fjármálaráðherra, fer með fyrirvar í máli þessu fyrir hönd stefnanda. Eva Dís Pálmadóttir, eva@sokn.is, sími 5807909, lögmaður hjá Sókn lögmannsstofu, Fagradalsbraut 11, Egilsstöðum fer með þetta mál fyrir hönd stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Bjarnanes í Nesjum í Sveitarfélaginu Hornafirði í Austur-Skaftafellssýslu, er bújörð og kirkjustaður og þar sátu löngum sóknarprestar. Talið er öruggt, að kirkja hafi verið í Bjarnanesi frá fyrstu dögum kristinnar trúar hér á landi. Til er skrá frá árinu 1200 um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, og er Bjarnaneskirkju getið þar, sbr. nánari umfjöllun og tilvísun til heimilda í framlögðu skjali, sem kallað er „Bjarnanes í Sveitarfélaginu Hornafirði“. Þar er fjallað um að í Bjarnanesi hefur verið prestssetur svo lengi sem menn muna og farið yfir breytingar sem hafa orðið á því. Bjarnanessókn var skipt árið 1953 og stofnsett ný sókn, Hafnarsókn, fyrir Hafnarkauptún.

Heimajörð og hjáleigur Bjarnaness voru árið 1597 metin á 60 hundruð að dýrleika, sbr. skrá yfir kirkjueignir á Íslandi 1597-1984. Í áður nefndu skjali er afmörkun landsvæðisins Bjarnaneshverfis og Bjarnaneshjáleiga lýst, en það er hið forna land Bjarnaness og síðar einnig hjáleigna þaðan. Visast um nánari umfjöllun þangað.

Í lok 19. aldar, 18. desember 1897, voru samþykkt lög um að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skyldi fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur. Ein þessara kirkna var Bjarnaneskirkja. Samkvæmt lögnum frá 1897 lék vafi á um að Bjarnanes skiptist að jöfnu milli konungs (landssjóðs) og heimakirkjunnar. Árið 1901 varð samkomulag milli prestsins í Bjarnanesi og safnaðarins um skiptingu Bjarnaneseigna í samræmi við fyrrgreind lög og staðfesti amtmaður það 6. desember sama ár fyrir hönd landssjóðs eftir að hafa fengið heimild til þess frá landshöfðingja. Í samkomulaginu fólst að kirkjan, umsjón hennar og fjárhald, var afhent söfnuðinum og einnig eftirtalдар hjáleigur: Suðurhóll, Brattagerði, Austurhóll, Fornustekkar, Meðalfell efra, Meðalfell neðra og Borgir. Enn fremur skyldi fylgja kirkjunni sá hluti beitolandsins sem lá austan línu er dregin var úr Álakeldu við Árkvarnarhól, sjónhending í Haukabergr. Í hlut prestakallsins kom heimajörðin, Brekkubær, Taðhóll, Háhóll, Miðsker og Stapi. Um samkomulagið er fjallað í úrskurði Öbyggðanefndar í máli nr. 4/2001.

Hjáleigurnar Taðhóll og Háhóll voru síðar lagðar af. Allar aðrar fyrrum hjáleigur hafa nú verið seldar. Hjáleigurnar hafa fengið í sinn hlut séreignarland en jafnframt hefur hluti upprunalegu Bjarnanesjarðinnar verið óskiptur.

Árið 1907 voru samþykktir á Alþingi lagabálkar sem vörðuðu kirkjuleg málefni, þ.a.m. lög nr. 22/1907 um umsjón og fjárhald kirkjujarða, lög nr. 46/1907 um laun sóknarpresta og lög nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða. Prestum voru tryggð laun frá ríkinu en ríkið fékk umsjón kirkjueigna og gat m.a. selt kirkjujarðir, aðrar en prestsetur. Íslenska ríkið fékk umsjón með Bjarnanesi á grundvelli þessarar löggjafar. Umsjónarhlutverk ríkisins var sinnt með mismunandi hætti, en þegar leið á 20. öld voru prestsetursjarðir í umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og aðrar kirkjujarðir í umsjón landbúnaðarráðuneytis.

Landamerkjabréf Bjarnaness með hjáleigum var undirritað 17. apríl 1921 og lesið á manntalsþingi í Nesjahreppi 29. júní sama ár. Þar kemur m.a. fram um landamerki:

Að vestan, milli Stóru-Lágar og Bjarnaness: Úr Struntskeri í Hornafjarðarfljóti í Þveitarlæk, eftir Þveitarlæk yfir Þveit í Markstritu; þaðan sem rauð skriða og blá koma saman undir Arnarhömrum, þaðan um Smalahól, þaðan í Marktind, austan við Krossbæjarskarð, þaðan í Miðfellstind á Hafradal og þaðan á Gildalabryr.

Að austan milli Árnanes og Bjarnaness. Frá Lónmörkum af Skerjum ofan á Sámsklett í Vítisgljúfri, síðan ofan eftir Laxá að Áfangahól, þaðan í Graskíl, yfir Fljótin í kýldrag er aðskilur Árnanesnýgræður og Vatnsfit, þaðan í þúfu fyrir norðan Nýgræðufit, þaðan í stóra vörðu í Ófæruhólma í Melsendaál, þaðan í fjörðinn sjónhending í austurbrún Staðareyjar. Bjarnanes á Skógey alla innan frá Struntskeri um Kríusker að fyrirtöldum mörkum (Ófæruhólmi í Staðarey og veiði alla, hverju nafni, sem nefnist í Hornafirði fyrir vestan Flangey.

Í lýsingunni fólst tilgreining á heildarmerkjum Bjarnanestorfunnar, þ.m.t. með þeim hjáleigum sem féllu undir Bjarnanesprestakall.

Þann 19. febrúar 1939 var gert byggingarbréf um nýbýlið Ás úr landi Bjarnaness, þegar Marteinn L. Einarsson fékk þar ábúð. Byggingarbréfið var staðfest í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 15. mars 1939.

Hið sama var gert varðandi Bjarnanes II, úr landi Bjarnaness, þegar Sigjón Einarsson fékk þar ábúð með byggingarbréfi, dags. 22. desember 1949, samþykktu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 7. janúar 1950 og þinglýstu 14. september sama ár. Synir Sigjóns, Snorri og Þorsteinn, tóku alfarið við ábúðinni einhvern tímann eftir árið 1961, en í millitíðinni virðist móðir þeirra hafa haft hana. Síðar tók Þorsteinn einn við ábúðinni, ásamt Vilborgu konu sinni, en þann 29. desember 1980, afsalaði Snorri til Þorsteins eignarhluta sínum í ákveðnum mannvirkjum á Bjarnanesi II. Afsalið tók eðli máls samkvæmt ekki til jarðarinnar sjálfar. Eftir þetta hafa Þorsteinn og Vilborg haft ábúð og hafa enn. Nýtt byggingarbréf var ekki gefið út, en viðauki við upphaflega byggingarbréfið var síðar gefinn út 31. ágúst 2020. Viðaukinn tók mið af sameiningu Bjarnaness, Bjarnanes II og Áss, sbr. umfjöllun síðar.

Í bréfi sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 14. janúar 1978, segir: „*Hér eftir fara upplýsingar um ríkisjarðir í A-Skaftafellssýslu, eftir því sem hægt hefur verið að afla þeirra, hjá hreppstjórum og/eða ábúendum. [...] Nesjahreppur: 1. Ás. Ábúandi nú er Sigurður Björnsson sbr. byggingarbréf dags. 7/6 1973 til hans. Eftirgjald kr. 15.000.- og á að greiðast presti. Jörðin er byggð úr kirkjujörðinni Bjarnanesi. Eigi er hér ljósrit bréfsins, en fáanlegt í Vík. 2. Bjarnanes. Kirkjujörð, prestur Gylfi Jónsson. 3. Bjarnanes II. Ábúandi nú Guðlaug Guðmundsdóttir, ekkja Sigjóns Einarssonar, sem fékk byggingarbréf 22/12 1949 og fylgir í ljósriti. Þar er talað um 3% af fasteignamatsverði sem eftirgjald, en mun greitt á annan máta og beint til prests. Upplýsingar þar um fast hjá hans ágæti.*“ Þarna leit sýslumaður svo á að um ríkisjarðir væri að ræða.

Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis til séra Gylfa Jónssonar, dags. 11. apríl 1979, er fjallað um ræktun og girðingar ábúandans Snorri Sigjónssonar, með leyfi Skarphéðins Péturssonar, fyrrverandi sóknarprest, sem ekki hafi verið aflað samþykkis ráðuneytisins fyrir. Taldi ráðuneytið sér ekki skylt sem landeiganda að greiða fyrir jarðabætur sem ábúandi hafði einn samþykkt, en taldi engu að síður sanngjarnt að ábúandinn nyti ræktunarinnar í eðlilegan fyrningartíma hennar, 12-20 ár. Ljóst er að þarna leit dóms- og kirkjumálaráðuneytið á ríkissjóð sem landeiganda.

Í veðbókavottorði sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu vegna Bjarnaness II, dags. 18. desember 1979, kemur fram að eigandi lóðar sé kirkjumálaráðuneyti. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til stofnlánadeildar landbúnaðarráðuneytisins, dags. 21. desember 1979, kemur fram að jörðin Bjarnanes II sé nýbýli út úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi og síðan er þar falast eftir veðbandalausn vegna lóðarspildu er til stóð að stofna og húss á henni. Þann 9. janúar 1980 er gerður lóðarleigusamningur um „*lóð úr landi Bjarnaness*“, og er dóms- og kirkjumálaráðuneytið, f.h. ríkissjóðs, þar tilgreint sem leigusali. Samningnum var þinglýst þann 15. febrúar 1980.

Við prestaskipti á árinu 1981 flutti presturinn inn á Höfn og bjó því ekki lengur á Bjarnanesi. Prestsetrið var síðan flutt 1. júlí 1990 formlega með lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62/1990, frá Bjarnanesi og til Hafnar.

Með áleti kirkjujarðanefndar 1984 var fjallað um það umsjónarhlutverk sem ríkið fékk 1907 og komist að þeirri niðurstöðu að eignaréttur á kirkjueignum væri ennþá hjá ríkinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið afhenti jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins Bjarnanes I, Bjarnanes II og Ás, Nesjahreppi með bréfi, dags. 20. desember 1993, sbr. lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62/1990, og lög um prestsetur, nr. 137/1993. Með bréfi, dags. 31. janúar 1994, var sýslumanninum á Höfn tilkynnt um þessa ráðstöfun. Með öðru bréfi, dagsettu sama dag, var Lánasjóði landbúnaðarins einnig tilkynnt um ráðstöfunina á þessum þremur jörðum, auk fjögurra annarra, annars staðar á landinu. Þann 20. nóvember 1996 gaf sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði út þinglýsingarvottorð þar sem fram kom að ríkissjóður, jarðadeild landbúnaðarins, hefði forræði jarðarinnar Bjarnaness II.

Með kirkjujarðasamkomulagi frá 10. janúar 1997 var staðfest að íslenska ríkið yrði eigandi að öllum kirkjújörðum, öðrum en prestsetrum sem höfðu þá stöðu ennþá. Í þessu sambandi skiptir máli að Bjarnanes var ekki lengur prestsetur eftir 1990 og prestur hafði ekki haft jörðina til ábúðar frá 1981. Samkomulagið fól því í sér staðfestingu á eignarhaldi íslenska ríkisins af hálfu kirkjunnar og tók til Bjarnaness, auk fjölmargra annarra jarða. Í 1. gr. samkomulagsins segir: „*Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Umsýsla og ráðstöfun umræddra eigna fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.*“ Í 4. gr. segir: „*Aðilar lita á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907...*“ Samkomulagið var gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjuþings svo og samþykki Alþingi á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Allt gekk það eftir og lög nr. 78/1997 voru samþykkt og tóku gildi 1. janúar 1998. Í 62. gr. þeirra sagði: „*Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.*“ Þetta átt við um Bjarnanes, Bjarnanes II og Ás.

Ás og Bjarnanes II úr Bjarnanesjörðinni féllu á ný inn í Bjarnanesjörðina samkvæmt samrunaskjali fyrir Bjarnanes 1, Bjarnanes 2 og Ás frá 23. maí 2005, þinglýstu 27. júlí sama ár. Þar var tilgreint hvað væri undanskilið við sameiningu, en það voru nánar tiltekið fasteignirnar Bjarnanes 1/lóð 1, landnúmer 193868, Bjarnanes 3, landnúmer 159466, bæjarhús, Bjarnaneskirkja, landnúmer 159464, Litlisandur, landnúmer 201548 og eignarhluti Bjarnaness í Skógeyjasvæðinu, sbr. nánari umfjöllun hér næst á eftir. Stærð hins sameinaða lands sögð vera 164,3 hektarar, þar af 76,8 hektarar neðan vegar og 87,5 hektarar ofan vegar, sbr. nánari tilvísun til uppdráttar frá 26. apríl 2005 sem hlotið hafði staðfestingu skipulagsyfirvalda. Samrunaskjalið var unnið á grundvelli 14. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna og 2. mgr. 20. gr. laga um þinglýsingar nr. 39/1978. Fyrir liggur yfirlýsing landbúnaðarráðuneytisins um staðfestingu sameignar og landskipta, dags. 23. maí 2005, þinglýst 27. júlí sama ár.

Auk séreignarlands fylgir Bjarnanesi hlutdeild í óskiptu landi Bjarnanestorfunnar í samræmi við ákvæði landskiptalaga nr. 46/1941. Því landi hefur að hluta til verið skipt eftir 2005.

Yfirlandskiptagerð á landgræðslusvæðinu Skógey í Hornafirði frá 22. október 2008, sbr. landskiptagerð, dags. 5. mars 2007, var þinglýst 5. júní 2009. Bjarnanes fékk samkvæmt landskiptagerðinni í sinn hlut 378,17 ha séreignarland, með heitinu: Bjarnanes Skógey 1, en jafnframt fjallar landskiptagerð um stöðu veiðiréttar, námaréttar og umferðarréttar. Landnúmer þeirrar spildu er L221959 og samkvæmt veðbandayfirliti er ríkissjóður Íslands skráður eigandi spildunnar. Með öðrum landskiptum, dags. 10. nóvember 2016, var stofnuð 77 ha lóð, með heitinu Bjarnanes Skógey 2, landnúmer 222284. Sú lóð var sameinuð Bjarnanesi undir sama landnúmeri og Bjarnanes hefur, L159463 og er því orðin hluti Bjarnaness og fellur undir dómkröfu málsins. Framlögð verður mynd af vef HMS, sem sýnir afmörkun séreignarlands Bjarnaness undir landnúmerinu L159463.

Bjarnanes á hlutdeild í óskiptu landi á Laxárdal, þ.e. landi sem fellur innan landamerkjabréfs Bjarnaness frá 1921 en afmarkast að öðru leyti af séreignarlandi fyrrum Bjarnaneshjáleigna. Þess skal getið að gerð var þjóðlendukrafa til hluta þess svæðis, sbr. mál Óbyggðanefndar nr. 4/2001. Þjóðlendukröfunni var hafnað.

Úr afmörkuðu séreignarlandi Bjarnaness hafa verið stofnaðar fasteignir sem dómkrafa nær ekki til, sbr. umfjöllun hér framar um samrunaskjalið frá 2005, enda falla þær fasteignir ekki undir það landnúmer og fasteignanúmer sem dómkrafa vísar til.

Fyrir liggur kaupsamningur/afsal landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, til Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 24. október 2005. Hið selda var landspildan Litlisandur L201548, alls 5,9 ha. Í kaupsamningnum kemur fram að landið sé tekið úr jörðunum Bjarnanesi, Bjarnanesi II og Ási. Þar var gengið út frá því að ríkissjóður væri eigandi spildunnar.

Að lokum liggur fyrir viðauki Ríkiseigna, dags. 31. ágúst 2020, við byggingarbréf til Sigjóns Einarssonar, dags. 7. janúar 1950. Þar kemur fram að Þorsteinn Sigjónsson og kona hans Vilborg Jónsdóttir hafi tekið við ábúð

Sigjóns Einarssonar varðandi ríkissjóðina Bjarnanes, Hornafirði, landnúmer L159463. Skjalinu var þinglýst. Þar var gengið út frá því að ríkissjóður væri eigandi landsins.

Árið 2020 stóð til að Þorsteinn Sigjónsson og Vilborg Jónsdóttir keyptu ábúðarjörð sína, Bjarnanes. Skilyrtu veðleyfi Ríkiseigna og fjármála- og efnahagsráðuneytisins f.h. landeiganda til ábúenda jarðarinnar, dags. 27. október 2020, fyrir lánum vegna kaupa á ábúendajörðinni, var því þinglýst. Var þannig gert ráð fyrir að ríkissjóður væri eigandi jarðarinnar.

Á sama tíma hafnaði embætti sýslumannsins á Suðurlandi þinglýsingu kaupsamnings/afsals til ábúenda Bjarnaness með tölvupósti á árinu 2020 og sagði að ríkið skorti eignarheimild/frumheimild á jörðinni. Fulltrúi sýslumanns upplýsti starfsmann Ríkiseigna um að kaupsamningnum yrði ekki þinglýst þar sem ríkið þætti ekki hafa afhent eignarheimild sína á jörðinni sjálfri. Var í þessu sambandi vísað til eignardómsmáls um Hamarshjáleigu, nánar tiltekið dóms Hæstaréttar í máli nr. 189/2017. Með tölvupósti starfsmanns Ríkiseigna, dags. 2. desember 2020, sem sendur var á fulltrúa sýslumanns og sýslumann, var ákvörðun sýslumanns mótmælt. Meðal annars með vísan til þess að áður hafði viðauka við byggingarbréf og skilyrtu veðleyfi verið þinglýst á jörðina vegna fyrirhugaðra ábúendakaupa. Tveimur veðlánum ábúanda, að fjárhæð 10.000.000 kr., vegna kaupa þeirra á jörðinni hafði einnig þinglýst skömmu áður. Í desember 2020 fóru Ríkiseignir fram á aflýsingu þessara lána þar sem forsendur fyrir veðsetningu lánanna var brostið ef ekki væri hægt að ljúka ábúendakaupunum. Sýslumaður varð ekki við þeirri kröfu.

Þann 14. september 2023 var sýslumanninum á Suðurlandi send leiðrétt skráning ríkiseigna vegna Bjarnaness, til þinglýsingar. Var þess óskað að Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6489, væri skráður eigandi í stað landbúnaðarráðuneytisins, kt. 710169-0559. Erindinu fylgdi veðbandayfirlit fasteignarinnar, dags. 12. september 2023, en þar er landbúnaðarráðuneyti skráð landeigandi. Með bréfi, dags. 11. október 2023, tilkynnti sýslumaðurinn á Suðurlandi um frávísun frá þinglýsingu þar sem útgefanda skjals brýsti heimilt til eignar á þann veg sem skjalið greindi, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 7. gr., sbr. þó 24., 25. og 3. mgr. 51. gr. þinglýsingalaga.

Framangreind afstaða sýslumannsembættisins kom stefnanda mjög á óvart, enda eignin með sérstaka síðu í veðmálalabók, til staðar þinglýsingarvottorð vegna hennar, gerð höfðu verið byggingabréf vegna hluta hennar, rituð ýmis bréf þar sem hún var tilgreind ríkiseign, þ.á m. af sýslumanni sjálfum, lóðum skipt út úr henni, lán tekin út á hana, gengið frá landskiptum og ríkissjóður í einu og öllu komið fram sem eigandi jarðarinnar án þess að eignarhaldið hafi nokkru sinni verið véfengt. Þegar til stóð að selja ábúendum til áratuga jörðina kom þetta fyrst upp.

Stefnandi telur að fullreynt sé að fá sýslumann til að staðfesta að eignarheimild sé ekki áfátt, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 50. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Er stefnanda því óhjákvæmilegt annað en að höfða mál til að fá eignarhald sitt á jörðinni staðfest, sbr. t.d. 3. mgr. 50. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Stefnandi telur sig hafa sannað eða gert sennilegt, í skilningi 122. gr. laga nr. 91/1991 að hann hafi öðlast réttindi yfir fasteign með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum, svo hann geti þá leitað eignardóms. Er þá vísað til umfjöllunar hér að framan um að Bjarnanes var upphaflega eign kirkjunnar en árið 1907 var ríkinu veittur umráðaréttur yfir jörðinni. Prestsetur var lagt af á jörðinni árið 1990 og með samkomulagi frá 10. janúar 1997 og lögum nr. 78/1997 hafi jörðin orðið eign stefnanda og allir hlutaðeigandi hagað sér um áratugaskeið eins og svo væri. Eignardómur mun veita stefnanda heimild til að ráða yfir og ráðstafa eigninni eins og hann hefði afsalsbréf fyrir henni eða annað viðeigandi skjal.

Helstu lagatilvísanir: Hvað lagarök varðar vísar stefnandi til gildandi reglna á hverjum tíma um yfirfærslu og stofnun eignaréttinda yfir fasteignum. Þá byggir hann á meginreglum eigna- og samningaréttar. Stefnandi kveðst einnig vísa til 1. og 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, 14. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna og 7., 20., 24., 25. og 51. gr. laga nr. 39/1978 um þinglýsingar. Þá vísar hann til til eldri laga, s.s. 22/1907, 46/1907, 50/1907, 62/1990, 137/1993 og 78/1997.

Varðandi málatilbúnað og réttarfar í máli þessu vísar stefnandi til ákvæða 1. og 2. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og einnig til ákvæða 3. mgr. 80. gr. og c. liðar 1. mgr. 89 gr. sömu laga. Komi til með að reyna á málskostnaðarkröfu er vísað til 11. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. 3. mgr. 121. gr. sbr. 2. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi meðal annars leggja fram eftirfarandi gögn:

1. Stefnu og Lögbirtingablað það sem stefnan birtist í.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.

3. Landamerkjabréf Bjarnaness, dags. 17. apríl 1921.
4. Afrit byggingarbréfs vegna Áss, dags. 19. febrúar 1939 og staðfest 15. mars 1939.
5. Afrit byggingarbréfs vegna Bjarnaness II, dags. 22. desember 1949 og staðfest 7. janúar 1950.
6. Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, I. Bindi, útgefin 1971, valdar blaðsíður.
7. Bréf sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu, dags. 14. janúar 1978.
8. Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. apríl 1979.
9. Veðbókarvottorð sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu, dags. 18. desember 1979.
10. Bréf sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu, dags. 20. desember 1979.
11. Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 21. desember 1979.
12. Lóðarleigusamningur um Bjarnanes III, dags. 9. janúar 1980.
13. Afsal vegna mannvirkja, dags. 29. desember 1980.
14. Álitsgerð Kirkjueignanefndar – fyrri hluti 1984, bls. 1 og 28-35.
15. Ljósrit úr heftinu Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984. II. Skrár. Kirkjueignanefnd, október 1992.
16. Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 20. desember 1993, auk minnisblaðs.
17. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til sýslumannsins á Höfn, dags. 31. janúar 1994.
18. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, dags. 31. janúar 1994.
19. Þinglýsingarvottorð sýslumannsins á Höfn í Hornafirði, dags. 20. nóvember 1996.
20. Samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar, dags. 10. janúar 1997.
21. Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 4/2001, forsiða og bls. 463-469, 513-516.
22. Bréf Sveitarfélagsins Hornafjarðar til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 18. maí 2005.
23. Samrunaskjal fyrir Bjarnanes 1, Bjarnanes 2 og Ás, dags. 23. maí 2005.
24. Yfirlýsing um staðfestingu sameignar og landskipta Bjarnaness 1, Bjarnaness 2 og Áss, dags. 23. maí 2005.
25. Kaupsamningur/afsal vegna Litlasands, 24. október 2005.
26. Yfirlandskiptagerð á landgræðsluvæðinu í Skógey í Hornafirði, dags. 22. október 2008, sbr. landskiptagerð, dags. 5. mars 2007.
27. Bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins til sýslumannsins á Höfn vegna breytinga á landamerkjapunkti, dags. 10. mars 2014.
28. Yfirlýsing fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Brekkubæjar, dags. 10.3. og 10. apríl 2014, þinglýst 24. júní 2014.
29. Bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til Ríkiseigna vegna staðfestingar landskipta á Bjarnanesi Skógey 1, dags. 10. nóvember 2016, þinglýst 8. desember 2016.
30. Bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til Ríkiseigna vegna staðfestingar landskipta á Bjarnaneskirkju lóð, dags. 10. nóvember 2016, þinglýst 7. desember 2016.
31. Yfirlýsing um landamerki milli Meðalfells og aðliggjandi jarða, dags. 6. nóvember 2019, þinglýst 13. nóvember 2019.
32. Viðauki Ríkiseigna við byggingabréf staðfestu 7. janúar 1950, dags. 31. ágúst 2020, þinglýst 1. október 2020.
33. Skilyrt veðleyfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 27. október 2020.
34. Veðbandayfirlit vegna Bjarnaness, dags. 12. september 2023.
35. Leiðrétting skráningar ríkiseigna vegna Bjarnaness, dags. 14. september 2023.
36. Tilkynning um frávisun frá þinglýsingu, dags. 11. október 2023.
37. Samantekin „Bjarnanes í Sveitarfélaginu Hornafirði“, unnin af Ríkiseignum, ódags.
38. Fasteignamatupplýsingar vegna Bjarnaness, dags. 27. mars 2024.
39. Veðbandayfirlit vegna Bjarnaness, dags. 3. apríl 2024.
40. Loftmynd af vef HMS, prentuð 4. apríl 2024.

Almennur áskilnaður: Stefnandi kveðst áskilja sér rétt til að leggja fram fleiri skjalleg sönnunargögn og leiða fram vitni og til að koma með frekari kröfur, málsástæður, mótmæli og lagarök á síðari stigum málsins, þ.á.m. við munnlegan flutning málsins, allt eftir framvindu málsins fyrir héraðsdómi.

Varnarþing: Eignardómsmál þetta er rekið fyrir Héraðsdómi Austurlands samkvæmt 2. mgr. 120. gr. og 121. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 122. gr. laganna.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að telja til réttar yfir jörðinni Bjarnanesi í Sveitarfélaginu Hornafirði, landnúmer L159463 og fastanúmer F2180084, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Austurlands sem haldið verður í dómsal embættis að Lyngási 15, Egilsstöðum, fimmtudaginn 6. júní 2024 kl. 14.00, þegar mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinni yfir eigninni. Að öðrum kosti má

búast við að útvistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um að hann sé réttur og löglegur eigandi ofangreindar eignar verði tekinn til greina.
Stefnufrestur kveðst einn mánuður.

Egilsstöðum, 22. apríl 2024.

Ólafur Ólafsson dómstjóri Héraðsdóms Austurlands.

(2024008661

Útgáfud.: 24. apríl 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 23. apríl 2024, í máli nr. L-1651/2024, var Tómas Freyr Arnarsson, kt. 250986-2389, sviptur fjárræði tímabundið í eitt ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 23. apríl 2024.

Björn L. Bergsson héraðsdómari.

(2024008270

Útgáfud.: 30. apríl 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra er Þórunn Ósk Margrétardóttir, kt. 151190-3409, Hafnarstræti 30, Akureyri, svipt fjárræði í fimm ár frá 29. apríl 2024.

Akureyri, 30. apríl 2024.

Hlynur Jónsson.

(2024008664

Útgáfud.: 26. apríl 2024

Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001, með síðari breytingum, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. V. lið til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir júní 2024:

Vísitala neysluverðs: 623,7 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 12.315 stig.

Reykjavík, 24. apríl 2024.

Hagstofa Íslands.

(2024008460

Útgáfud.: 23. apríl 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Legible Software ehf.***Kt.:* 500424-0280.*Heimili og varnarþing:* **Vinastræti 8, 210 Garðabær.***Dagsetning samþykktar er:* 16. mars 2024.*Stofnendur:* Reynir Viðar Ingason, kt. 090990-3499, Vinastræti 8, 210 Garðabær, Andrea Catherine Steves, kt. 250383-5179, Bandaríkin.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 16. mars 2024.*Formaður stjórnar:* Andrea Catherine Steves.
Meðstjórnandi: Reynir Viðar Ingason.*Firmað ritar:* Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Reynir Viðar Ingason.*Prókúruumboð:* Andrea Catherine Steves, Reynir Viðar Ingason.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Helgi Marínó Magnússon, kt. 070852-3819, Sólheimum 23, 104 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er þróun hugbúnaðar og sala á þjónustu er snýr að þróun á hugbúnaði og rekstri hugbúnaðarkerfa.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024008110)

Útgáfud.: 23. apríl 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Skoppa útgerð ehf.***Kt.:* 510424-0180.*Heimili og varnarþing:* **Freyjugötu 4, 430 Suðureyri.***Dagsetning samþykktar er:* 22. mars 2024.*Stofnendur:* Elías Hallgrímur Guðmundsson, kt. 020101-3850, Asparskógum 5B, 300 Akranes, Hallgrímur Ísak Guðmundsson, kt. 010502-2330, Þjóðbraut 5, 300 Akranes.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 22. mars 2024.*Stjórnarmaður:* Elías Hallgrímur Guðmundsson.
Varastjórn: Hallgrímur Ísak Guðmundsson.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:* Hallgrímur Ísak Guðmundsson, Elías Hallgrímur Guðmundsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Helena Rós Sigurðardóttir, kt. 160486-3419, Jörundarholti 26, 300 Akranes.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er útgerð smábáta.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024008111)

Útgáfud.: 23. apríl 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Dóttir Media ehf.***Kt.:* 480424-2200.*Heimili og varnarþing:* **Fiskislóð 79A, 101 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 2. janúar 2024.*Stofnendur:* Dóttir AK ehf., kt. 531010-0350, Smiðjuvegi 4, 200 Kópavogur, Skjaskot ehf., kt. 480118-0300, Fiskislóð 79a, 101 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 2. janúar 2024.*Formaður stjórnar:* Gísli Ragnar Guðmundsson, kt. 070292-2629, Ægisíðu 56, 107 Reykjavík.
Meðstjórnendur: Þorvarður Goði Guðrúnarson, kt. 290171-3189, Eskihlíð 35, 105 Reykjavík, Annie Mist Þórisdóttir, kt. 180989-2429, Víkurgötu 16, 210 Garðabær. *Varastjórn:* Davíð Goði Þorvarðarson, kt. 150497-3459, Skyggnisholti 4, 190 Vogar.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Þorvarður Goði Guðrúnarson.*Prókúruumboð:* Þorvarður Goði Guðrúnarson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Gæðaendurskoðun slf., kt. 620113-0180, Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Framleiðsla, birting og sala á fræðslu- og afþreyingarefni, ráðgjöf og námskeiðahald, tengd eignaumsýsla og lánastarfsemi.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024008112)

Lögbirtingablað,

32. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.